



Biskupstungnabraut (35-08) um Geysissvæðið og Tungufljót

Svör við umsögnum til ákvörðunar um matsskyldu framkvæmdar


Vegagerðin Hönnunardeild
maí 2026

Efnisyfirlit

1 Formáli.....	3
2 Umsagnir og svör framkvæmdaáðila við þeim.....	4
2.1. Náttúrufræðistofnun.....	4
2.2 Náttúruverndarstofnun.....	7

Lofthmynd á forsíðu frá Loftmyndum ehf.

Hluti fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis.



↑ Mynd 1

Vegakerfið í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði sem er afmarkað með svörtum hring. Bundið slitlag er rautt (grunnmynd: Loftmyndir ehf.).

1 Formáli

Vegagerðinni hafa borist 8 umsagnir til ákvörðunar um matsskyldu fyrirhugaðra framkvæmda á Biskupstungnabraut (35) um Geysissvæðið og Tungufljót í Bláskógabyggð. Núverandi vegur liggur fram hjá Geysi í Haukadal, þar sem umferð gangandi og akandi blandast og aðstæður eru hættulegar. Einnig liggur hann um einbreiða brú á Tungufljóti en hún er sú einbreiða brú sem hefur mesta umferð á landinu. Fyrirhugað er að leggja nýjan 9 m breiðan veg sem liggur utan Geysisvæðisins, til að létta á svæðinu þar, og byggja nýja tvíbreiða brú yfir Tungufljót sem er í samræmi við markmið samgönguáætlunar um að fækka einbreiðum brúm á stofnvegum. Nýr vegur verður 5,1 km langur.

Umsagnir sem hafa borist eru frá:

1. **Bláskógabyggð**, tvær umsagnir, dagsett 01.04.2026 og 08.04.2026
2. **Hafrannsóknastofnun**, dagsett 01.04.2026
3. **Heilbrigðiseftirliti Suðurlands**, dagsett 07.04.2026
4. **Náttúrufræðistofnun**, dagsett 08.04.2026
5. **Landi og skógi**, dagsett 13.04.2026
6. **Náttúruverndarstofnun**, dagsett 15.04.2026
7. **Fiskistofu**, dagsett 27.04.2026

Umsagnir Bláskógabyggðar, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Lands og skóga, og Fiskistofu krefjast ekki viðbragða að hálfu framkvæmdaraðila og því er ekki fjallað nánar um þær hér. Umhverfis- og orkustofnun lét vita að þau myndu ekki veita umsögn í málinu. Minjastofnun Íslands veitti ekki umsögn.

Umsagnir frá Náttúrufræðistofnun og Náttúruverndarstofnun krefjast viðbragða af hálfu framkvæmdaraðila.

Í eftirfarandi umfjöllun, eru þau efnisatriði umsagnaraðila birt sem þarfnast viðbragða af hálfu framkvæmdaraðila, og svör framkvæmdaraðila við þeim.

Vegagerðin hafði samráð við Verkís sem rannsakaði fugla, vistgerðir og gróðurfar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði um svör við umsögnum Náttúrufræðistofnunar og Náttúruverndarstofnunar.

2 Umsagnir og svör framkvæmdaáðila við þeim

2.1. Náttúrufræðistofnun

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur eftirfarandi fram (skáletraður texti):

1. *Fyrirhugað framkvæmdasvæði er við Geysissvæðið sem er friðlýst sem náttúruvætti, það er innan mikilvæga fuglasvæðisins Suðurlandsundirlendi, það fer um lítt raskað votlendi sem nýtur verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (lög 60/2013), og það er á svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár.*

Svar Vegagerðarinnar

Mikilvæga fuglasvæðið Suðurlandsundirlendi er mjög víðfemt, eða um 340 þúsund hektarar. Engin af lykiltegundum svæðisins fannst verandi á áhrifasvæði fyrirhugaðrar framkvæmdar en eitt álftapar fannst í hólma utan þess og var það ekki verandi. Í skýrslu um gróður og fugla er tekið fram að Almenningar séu á B-hluta náttúruminjaskrár.

2. *Á bls. 58 er vísað í niðurstöður rannsóknar [Jóhannesdóttur](#) o.fl. (2014): "Þúfutittlingur var frá 275 – 640 pör á km² sem er mun hærra en hér var mælt." Athuga ber að niðurstöður í umræddri grein eru settar fram í fjölda fugla, ekki para. Hér væri líka hægt að bera saman niðurstöður athugana við meðalþéttleika varppara í mismunandi vistlendum eins og þær eru settar fram í fjölrítnu Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi (https://utg-afa.natt.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf).*

Svar Vegagerðarinnar

Rétt er að vísað er ranglega í skýrslu Jóhannesdóttir o.fl. í skýrslu um gróður og fugla og sagt að um pör á km² sé að ræða þegar greinin fjallar um fjölda einstaklinga á km². Þar sem talningin á sér stað á varptíma þúfutittlings má ætla að annar fugl hafi legið á hreiðri í flestum tilfellum og fjöldi para því a.m.k. helmingur, sem eftir sem áður væri mun meiri þéttleiki en mældist við Biskupstungnabraut. Vitnað er í vöktun Náttúrufræðistofnunar á Mýrum þar sem þéttleiki þúfutittlinga var hærri en við Biskupstungnabraut (35) og það sama á við í fjölrítni um Mikilvæg fuglasvæði.

3. *Fækkun hefur átt sér stað hjá vaðfuglum undanfarin ár og hefur hún verið sérstaklega hröð á Suðurlandi.[1] Í ljósi fækkunar eru nú fimm af algengustu tegundum vaðfugla hérlandis metnar vera í nokkurri hættu (VU) á válista fugla. Því skiptir miklu máli að við hvers kyns uppbyggingu sé leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum á vaðfugla. Í umfjöllun um fugla er vísað í válista Náttúrufræðistofnunar frá 2018. Náttúrufræðistofnun bendir á að uppfærðan válista fugla má nálgast [hér](#).*

Svar Vegagerðarinnar

Út frá þéttleikamælingu þá er fjöldi para af tegundum sem eru með stöðuna VU og tapar búsvæðum sínum ekki mikill og mögulega unnt að bæta það upp með endurheimt votlendis. Válistaflokkun í töflu 4-1 í skýrslu um gróður og fugla er í samræmi við uppfærðan válista 2025. Skýrslan var upphaflega skrifuð 2024, en 2025 var bætt við hana vegna uppfærslu á vegtengingu inn á Geysissvæðið. Válistaflokkun var uppfærð þá, en það láðist að uppfæra ártal í heimildaskrá.

4. Ósamræmi er í umfjöllum um veglínur í kynningarskýrslu Vegagerðarinnar og erfitt er að átta sig á mismunandi valkostum veglína. Annars vegar er fjallað um valkosti veglína A, B, C, D sem sýndir eru á mynd 5. Í þeirri umfjöllun n er ráðgert að Vegagerðin líti á veglínu B sem aðalvalkost (bls. 9 í 2 Kynningarskýrslu). Valkostur D er almennt ekki tiltekinn nema á mynd 5 og ekkert er fjallað um gróður, fugla og dýralíf fyrir valkost D og því er ekki hægt að bera þann valkost saman við aðra valkosti. Aftar í kynningarskýrslu (kafla 3.1) er fjalla um að aðallega hafi verið skoðaðar þrjár útfærslur, veglína 314, veglína 317 og skipulagslínu (sbr. mynd 18) og aðalvalkostur sé að fylgja skipulagslínu vestan Tungufljóts og einnig að mestu austan Tungufljóts með smá tilfæringum en þar liggur veglína 317 mjög nálægt skipulagslínu (myndir 7, 15, 26).

Svar Vegagerðarinnar

Í kafla 1.6 í kynningarskýrslunni er umfjöllun um stöðu skipulags á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Á bls. 8 er fjallað um þær veglínur sem voru til skoðunar í aðalskipulagi, veglínur A, B, C og D og þær bornar saman

Vegagerðin kaus að birta upplýsingar úr aðalskipulagsgreinargerð og forsendum aðalskipulags, til að sýna að við ákvörðun um legu Biskupstungnabrautar (35) fram hjá Geysissvæðinu var tekin rökstudd ákvörðun um að velja veglínu B sem aðalskipulagslínu.

Þegar Vegagerðin hóf vinnu við undirbúning framkvæmdarinnar voru samt sem áður skoðaðir fleiri kostir en veglína B, sem vísað er í sem aðalskipulagslínu í skýrslunni, nema í kafla 1.6 þar sem hún er kölluð veglína B.

Rannsóknaraðilar voru fengnir til að skoða þrjár veglínur, 314, 317 og aðalskipulagslínu. Í kafla 3.1 er fjallað um forsendur þess að ákveðið var að aðalskipulagslínan yrði fyrir valinu.

5. Rök fyrir að fara ekki veglínur 314 og 317 vestan Tungufljóts er nálægð við mýrahveravist rétt austan við Beiná en þar óx laugadepla sem er friðuð og er á válista og einnig blöðrujurt sem er fremur sjaldgæf vatnajurt (Sigurlaug Sigurðardóttir og Arnór Þ. Sigfússon 2024). Eins og valkostir veglína A, B og C eru sýndar á mynd 5 þá eru þær allar álíka langt frá mýrahveravistinni. Hins vegar ef horft er á mynd 18 þá stemmir það að veglínur 314 og 317 eru mjög nærri mýrahveravistinni.

Svar Vegagerðarinnar

Það er rétt, að veglínur 314 og 317 sem Vegagerðin hafði í upphafi áhuga á að velja, því þær hafa minni áhrif á votlendi en aðalskipulagslínan, liggja nær mýrahveravistinni. Á mynd 35 sést hve nálægt mýrahveravistinni þær liggja.

6. *Í framkvæmdalýsingu, kafla 3.2.1, kemur fram að síðar verði mögulega ráðist í gerð nýrrar tengingar milli Biskupstungnabrautar og Geysissvæðisins, að mati Náttúrufræðistofnunar þarf að fjalla betur um þennan möguleika. Þá hefur í eitthvað skolast til síðar í sama kafla þegar minnst er á Brúará þar sem fjallað er um tengingar við núverandi veg: „Ný tenging við núverandi veg vestan Brúarár verður af vegtegund C₈ og tenging við núverandi veg austan Brúarár verður af vegtegund C₇. Gert er ráð fyrir að þegar kemur að því að gera hringtorg á Biskupstungnabraut verði ný tenging að Geysissvæðinu af vegtegund C₈. Færsla á Haukadalsvegi (333) yrði af vegtegund C₇.“*

Svar Vegagerðarinnar

Vegagerðin þakkar ábendinguna, það er rétt, að í þessari málsgrein í kafla 3.2.1 ætti að standa Tungufljót, en ekki Brúará. Beðist er afsökunar á þessum mistökum.

Engin ákvörðun hefur verið tekin um nýja tengingu að Geysissvæðinu frá nýrri Biskupstungnabraut (35) og í kafla 3.1 í kynningarskýrslunni segir að hún sé ekki hluti af þeirri framkvæmd sem hér er kynnt. Mynd 20 sýnir mögulega legu hennar. Ef seinna reynist nauðsynlegt að leggja nýja tengingu að Geysissvæðinu þarf að breyta skipulagi og kanna matsskyldu tengingarinnar.

7. *Núllkostur væri lang æskilegastur út frá náttúruverndarsjónarmiði þar sem þá er ekki verið að taka nýtt óraskað svæði undir veg. Skoða ætti frekari útfærslur á núllkosti, t.d. undirgöng eða göngubrýr yfir Biskupstungnabraut.*

Svar Vegagerðarinnar

Vegagerðin telur núllkost ekki koma til greina. Göngubrýr og undirgöng kalla á jarðrask innan friðlýsta svæðisins, því náttúrulegar aðstæður eru ekki þannig að auðvelt sé að koma þeim fyrir. Einnig eru 24 vegtengingar á þeim kafla Biskupstungnabrautar (35) sem er til skoðunar (sjá kafla 3.3.1) en hætta á slysum eykst með fjölda vegtenginga og því mikilvægt að fækka þeim.

Með því að koma í veg fyrir gegnumakstur á Geysissvæðinu og flytja Haukadalsveg (333) og Biskupstungnabraut (35) út fyrir friðlýsta svæðið og afmá þá á kafla neðan við Geysi, sjá myndir 19 og 33, verður mögulegt að vernda betur friðlýsta svæðið Geysi. Með breytingunum skapast jafnframt meira rými við hverasvæðið og með tímanum gætu vistgerðir neðan við sjálfan Geysi endurheimst.

8. *Þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir eru við friðlýst náttúruvætti og munu raska og liggja í jaðri eins stærsta samfellda óraskaða votlendis á Suðurlandi sem jafnframt nýtur verndar skv. 61. gr.*

náttúruverndarlaga nr. 60/2013, og er á náttúruminjaskrá þá telur Náttúrufræðistofnun að framkvæmdin ætti að fara í umhverfismat.

Svar Vegagerðarinnar:

Vegagerðin telur að þær upplýsingar sem fram koma í kynningarskýrslu stofnunarinnar séu fullnægjandi til að komast að niðurstöðu um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Vegagerðin vonar að með vel skilgreindu verklagi í samráði við sérfræðinga og hagsmunaaðila, með mótvægisaðgerðum í samráði við fagstofnanir og endurheimt og vöktun umhverfispátta verði hægt að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á votlendið í Almenninum eins og kostur er.

2.2 Náttúruverndarstofnun

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur eftirfarandi fram (skáletraður texti):

1. Heildarmynd

Náttúruverndarstofnun telur nauðsynlegt að skipulag um framtíðar-aðgengi að Geysissvæðinu verði tekið til heildstæðrar skoðunar sem hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er umfjöllunin þó að mestu bundin við einstaka þætti framkvæmdarinnar og skortir heildstæða sýn á hvernig aðgengi bílaumferðar frá nýjum þjóðvegi að svæðinu verði háttað til framtíðar og umhverfismati vegna þessa.

Slík nálgun er forsenda þess að unnt sé að leggja raunhæft mat á áhrif framkvæmdarinnar.

Svar Vegagerðarinnar:

Nauðsynlegt er að færa veginn fjær Geysissvæðinu sem fyrst til að koma í veg fyrir gegnumstreymisumferð um einn fjölsóttasta ferðamannastað landsins og þar með auka öryggi vegfarenda.

Vegagerðin telur að þær tengingar að svæðinu sem kynntar eru í kynningar-skýrslunni, þ.e. eftir núverandi vegum, séu fullnægjandi þar til landeigendur hafa skipulagt nýja aðkomu að svæðinu.

Gert er ráð fyrir að leggja nýjar stuttar tengingar að núverandi Biskupstungnabraut (35) við sinn hvorn enda framkvæmdasvæðisins og að Haukadalsvegi (333) verði breytt. Tengingin að vestanverðu verður nýtt sem tenging að ferðamannastaðnum Geysi og frístundabyggðinni í Helludal sem er vestan Geysis. Tengingin að austanverðu sem liggur um núverandi brú á Tungufljóti verður notuð til að tryggja aðgengi að Haukadal, golfvelli og frístundabyggð sem eru austan við ferðamannastaðinn Geysi, sjá mynd 4 í kynningarskýrslu.

2. Náttúruminjaskrá

Í greinargerð kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd liggur um svæði á náttúruminjaskrá, sem aðrar náttúruminjar, Haukadal og Almanning (nr. 737). Svæðinu er lýst sem svæði með áhugaverðar jarðmyndanir, m.a. líparit í Laugarfelli og gamalt hverasvæði í Hvítamel. Almanningar er ósnortið mýrasvæði, eitt af fáum slíkum á Suðurlandi.

Náttúruverndarstofnun bendir á að svæði á náttúruminjasrá endurspeglar náttúruminjar sem taldar eru hafa sérstakt verndargildi á landsvísu. Því er mikilvægt að áhrif framkvæmda á slík svæði séu metin með heildstæðum hætti, þar sem tekið er tillit til allra þátta verndargildis þeirra og mögulegra samlegðaráhrifa.

Í greinargerð segir að fyrirhuguð framkvæmd raskar Almenningsi sem er eitt af fáum ósnortnum mýrasvæðum á Suðurlandi. Náttúruverndarstofnun telur að leggja þjóðveg yfir svæði muni það hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins.

Svar Vegagerðarinnar:

Vegagerðin er sammála því að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á Almenningsi en telur að með því að leggja veginn á sem stystum kafla um Almenningsi, utan þess svæðis sem fyrirhugað er að friðlýsa og með því að setja ströng skilyrði um mörk framkvæmdasvæðis í útboðsgögn verði áhrif hans á verndarsvæðið lágmarkuð (bls. 41 í kynningarskýrslu).

3. Sérstaka verndin

Náttúruverndarstofnun bendir á að innan framkvæmdarsvæðisins er votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkja, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruverndarstofnun áréttar að fyrirhuguð uppbygging mannvirkja réttlætir ekki sjálfkrafa röskun á votlendi sem nýtur verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Þó að uppbygging samgöngumannvirkja geti vissulega þjónað brýnum almannahagsmunum, segir ákvæði 61. gr. að slík framkvæmd sé heimiluð nema sýnt sé fram á að engin valkostir sé fyrir hendi án röskunar.

Við skipulags- og leyfisveitingar ber því ávallt að gera ítarlega valkostagreiningu og rökstyðja sérstaklega hvers vegna ekki sé unnt að komast hjá röskun.

Jafnframt þarf leyfisveitandi að leggja fram haldbæran rökstuðning fyrir því að hagsmunirnir af framkvæmdinni séu bæði brýnir og almennir og vegi þyngra en þau náttúruverðmæti sem í húfi eru.

Fram kemur í rannsókn Verkís að veglagning muni valda beinu raski á votlendi og vistgerðir sem lenda undir vegstæði, en jafnframt óbeinum áhrifum á votlendi vegna breytinga á vatnsstöðu og vatnsflæði. Verkís leggur áherslu á að slík óbein áhrif séu óviss og geti náð út fyrir beint framkvæmdasvæði.

Í skýrslunni er metið að umfang óbeins rasks á votlendi geti verið verulegt, meðal annars vegna breytinga á vatnsflæði.

Að mati Náttúruverndarstofnunar mun framkvæmdin hafa neikvæð áhrif á votlendi sem nýtur sérstakrar verndar.

Svar Vegagerðarinnar

Við staðsetningu nýrrar Biskupstungnabrautar (35) hefur Vegagerðin reynt að leggja veginn þannig að hann raski sem minnstu votlendi, til að draga úr neikvæðum áhrifum á votlendi, verndarsvæði, vistgerðir og fugla.

Í kafla 1.6 í kynningarskýrslunni eru kynntir fjórir valkostir Biskupstungnabrautar og þeir bornir saman, sjá töflu 1 í kynningarskýrslu. Fram kemur að þeir liggja allir innan verndarsvæðis nr. 737 á náttúruminjaskrá.

Í apríl 2026 skoðaði Vegagerðin kortasjá Náttúrufræðistofnunar fyrir votlendi sem nýtur verndar til að kanna hvort valkostur D liggi utan slíkra svæða, en í ljós kom að hann raskar einnig votlendi sem nýtur verndar.

Öllum var gefinn kostur á að gera athugasemdir um legu vegarins um Geysissvæðið þegar aðalskipulagið var í vinnslu og í kjölfarið tók sveitarfélagið upplýsta ákvörðun um þá veglínu sem er í aðalskipulagi og er sýnd á mynd 4 í kynningarskýrslunni. Með því að fylgja aðalskipulagsveglinu við kynningu á nýrri legu Biskupstungnabrautar (35), má gera ráð fyrir að hún sé í samræmi við óskir umsagnaraðila og almennings.

Vegagerðin ætlaði upphaflega að þvera Almennina norðan við aðalskipulagslínuna til að draga úr áhrifum á votlendið, sbr. mynd 18 í kynningarskýrslu, en vegna nálægðar þeirrar veglínu við vistgerðina mýrahveravist var ákveðið að færa veglínuna fjær henni og fylgja aðalskipulagslínunni, sjá mynd 35 í kynningarskýrslu.

Óhjákvæmilegt er að leggja Biskupstungnabraut (35) um votlendi til að komast fram hjá Geysissvæðinu. Reynt hefur verið að takmarka skerðingu á votlendi eins og framast er unnt. Til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á votlendi eins og hægt er verður vegur lagður beint á yfirborð, ekki grafnir skurðir eða jarðvegsskipt undir og vatnsop sett í alla læki og lægðir í landslagi til að draga úr áhættu á vatnssöfnun ofan vegar. Sambærilegt votlendi og það sem raskast verður endurheimt í samráði við hagaðila og Land og skóg.

Áður en framkvæmdir hefjast verður kannað nánar hvort mögulegt sé að grípa til frekari mótvægisáðgerða til að draga úr neikvæðum áhrifum vegalagningarinnar á votlendið umfram það sem hér kemur fram og þær áðgerðir sem kynntar eru í kynningarskýrslunni í kafla 7.

4. Framkvæmdaleyfi

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mót-vægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Svar Vegagerðarinnar

Vegagerðin mun fara eftir lögum og reglum og sækja um framkvæmdaleyfi til leyfisveitenda og fara eftir skilmálum þeirra.

5. Tillaga að B-hluta

Í greinargerð kemur fram að Almenningsur sé á B-hluta náttúruverndarlaga. Náttúruverndarstofnun bendir á að hið rétta er að Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að svæðið fari á B-hluta náttúruverndarlaga og fela í sér mat á verndargildi þeirra svæða sem þar eru tilgreind, forsendur fyrir vali, helstu ógnir og áðgerðir til verndar.¹

Tillaga umhverfis-, orku- og umhverfissráðherra að framkvæmdaáætlun náttúruverndarlaga var lögð fram til kynningar þann 21. febrúar 2024 með auglýsingu í Lögbirtingarblaði skv. 2. mgr. 36. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 of var Almenningsur (við Geysi) eitt þeirra svæða.

Náttúruverndarstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúruverndarlaga þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin, landeigendur og aðra hagsmunaaðila en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áðurnefnda aðila.

Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar og rannsóknir fyrir ofangreint svæði til sem forsendur við gerð umhverfismats, þegar áhrif á helstu umhverfispætti eru metin og til að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruverndarlaga verður samþykkt af Alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

Svar Vegagerðarinnar

Vegagerðin þakkar fyrir ábendinguna. Framkvæmdin liggur ekki um þann hluta Almenningsur sem tillaga er um að fari á B-hluta náttúruverndarlaga.

¹ <https://ust.is/nattura/framkvæmdaáætlun-natturuminjaskrar/almenningsur-vid-geysi/>

6. Vistgerðir og fuglalíf

Náttúruverndarstofnun bendir á allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nema friðun þeirra hafi verið aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar.

Auk þess bendir stofnunin á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

Þar sem framkvæmdasvæðið er mikilvægt búsvæði margra mófugla er mikilvægt að halda framkvæmdum, ef af þeim verður, í lágmarki á varptíma. Stofnunin bendir á góða samantekt forstöðumanns Rannsóknaseturs HÍ á Suðurlandi um hvernig skal taka tillit til mófugla á varptíma og bera sig að við framkvæmdir².

Náttúruverndarstofnun bendir á að innan framkvæmdasvæðisins er mikilvægt fuglasvæði skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar sem nefnist Suðurlandsundirlendi. Talningar af Suðurlandi sýna marktæka fækkun fimm tegunda, þ.e. heiðlóu, lóupræls, spóa, stelks og þúfutittlings. Ekki er nákvæmlega vitað hvað veldur þessari fækkun en þar sem þessar tegundir sýna almennt neikvæð áhrif af aukinni landnotkun (mannvirkjum og skógrækt t.d.) gætu þetta verið merki um svæðisbundin neikvæð áhrif mannlegra umsvifa á þéttleika mófugla. Náttúruverndarstofnun bendir á margar mófuglategundir eru ábyrgðartegundir Íslands þar sem um eða yfir 20% af Evrópustofni þeirra verpir hér á landi. Heiðlóa og lóupræll eru jafnframt forgangstegundir í viðauka Bernarsamningsins, sem Ísland er aðili að, yfir tegundir sem þarfnast sérstakrar búsvæðaverndar.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir munu valda búsvæðatapi fugla sem samsvarar vegstæði vegarins, sem sé fremur umfangslítið. Náttúruverndarstofnun vill benda á íslenskar rannsóknir, sem voru m.a. unnar fyrir Vegagerðina á áhrifum vega og umferðar á fuglalíf. Þær benda til þess að mófuglategundir nýta sér síður búsvæði nálægt vegum en fjarri þeim þar sem þéttleiki þeirra er um 20% lægri innan 200 metra frá vegum en utan þess svæðis. Því er mikilvægt að meta legu vegarins m.t.t. þess að koma í veg fyrir útbreidd jaðaráhrif hans með því að brjóta búsvæði fuglanna mikið upp. Með því að hafa vegstæðið í jaðri ákjósanlegs búsvæðis má lágmarka jaðaráhrifin.

Framkvæmdaraðili metur að áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf verði nokkuð neikvæð og tekur stofnunin undir það.

Náttúruverndarstofnun bendir á að hávaði frá umferð, orkuvinnslu og öðrum mannvirkjum getur haft áhrif á fuglalíf með því að trufla hegðun,

² <https://www.thoka-blad.is/post/að-taka-tillit-til-mófugla-á-varptíma>

fæla fugla frá búsvæðum og hafa áhrif á varp og fæðunám. Slík áhrif geta dregið úr gæðum búsvæða jafnvel án beins landrasks. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að meta áhrif hljóðvistar á fuglalíf við skipulag og framkvæmdir og, eftir því sem við á, grípa til mótvægisáðgerða, svo sem með staðarvali, takmörkunum á framkvæmdum á varptíma og vöktun á áhrifum.

Svar Vegagerðarinnar

Varptími fugla er mismunandi, eða frá apríl til júlí. Vegagerðin telur að vegna eðlis framkvæmdar og staðsetningar sé ekki mögulegt að stöðva framkvæmdir í svo langan tíma. Vegagerðin hefur aftur á móti í nokkrum tilfellum raskað óhreyfðu landi áður en varptími hefst, til að koma í veg fyrir að fuglar verpi innan fyrirhugaðra framkvæmdasvæða og er tilbúin að skoða það fyrir þessa framkvæmd.

Við frekari undirbúning framkvæmdarinnar verður samráð við Náttúruverndarstofnun um til hvaða mótvægisáðgerða sé mögulegt að grípa, til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á fugla, umfram það sem fram kemur í kynningarskýrslu Vega-gerðarinnar.

7. Bakkagróður

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Svar Vegagerðarinnar

Við áframhaldandi hönnun og undirbúning framkvæmdarinnar verður skoðað hvort mögulegt er að vernda náttúrulegan bakkagróður við árfarvegi. Gengið verður vel frá árbökkum þannig að sárum í jarðvegi verði lokað eins fljótt og hægt er. Þess verður gætt að umferð með vatnsbökkum verði sem minnst og að þær vélar sem notaðar verða smiti ekki frá sér olíu eða öðrum skaðlegum efnum. Við framkvæmdir og frágang framkvæmdasvæða verður leitast við að endurheimta staðargróður og þar með bakkagróður, en það kemur m.a. fram í köflum 5.7.5 og 7 í kynningarskýrslu.

8. Landslag

Fyrirhugað framkvæmdasvæði einkennist af opnu landslagi þar sem saman fara votlendi, tún, sveitabæir og frístundabyggð, auk fjölbreytts fuglalífs. Landslagið ber með sér tiltölulega lítið rask og hefur samfellda ásjón sem mótast af náttúrulegum þáttum og hefðbundinni landnotkun.

Að mati Náttúruverndarstofnunar felur fyrirhuguð veglagning í sér verulega breytingu á þessu landslagi, þar sem um er að ræða umfangsmikið mannvirki sem mun liggja þvert í gegnum svæðið og rjúfa heild þess.

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skuli við skipulag og framkvæmdir taka tillit til verndargildis landslags og forðast að raska því að óþörfu. Í því felst að meta þarf heildstætt áhrif framkvæmda á landslagsheildir og sérkenni þeirra.

Með hliðsjón af viðkvæmni svæðisins og því að um er að ræða landslag sem er lítt raskað með náttúrulegum og menningarlegum einkennum telur Náttúruverndarstofnun að áhrif framkvæmdarinnar á landslag verði neikvæð. Sérstaklega er litið til þess að framkvæmdin mun breyta ásýnd svæðisins til frambúðar.

Svar Vegagerðarinnar

Í kynningarskýrslunni kemur fram að stórum hluta fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis hefur áður verið raskað með landbúnaði, framræslu og efnistöku.

Vegagerðin telur að með því að leggja veginn á sem stystum kafla um svæði á náttúruminjaskrá, að leggja hann um svæði sem er utan þess svæðis Almenninga sem tillaga er um að friðlýsa og velja að leggja hann í grennd við svæði sem þegar hefur verið raskað af mannavöldum með framræslu (sjá teikningu 6 með kynningarskýrslu), námum, slóðum, túnum og vegagerð, verði dregið verulega úr áhrifum framkvæmdarinnar á landslag. Vegagerðin er ekki sammála því að framkvæmdin muni rjúfa heild lítt raskaðs landslags.

9. Niðurstaða

Með hliðsjón af eðli framkvæmdarinnar, þar sem um er að ræða umfangsmikla veglagningu sem felur í sér verulegt rask á landi, jarðvegi og vistkerfum, telur Náttúruverndarstofnun ljóst að framkvæmdin hefur áhrif á fjölmarga umhverfisþætti. Þá er jafnframt um að ræða framkvæmd sem getur haft samlegðaráhrif með annarri uppbyggingu og leitt til aukins ónæðis og mögulegrar mengunar á svæðinu.

Framkvæmdin er staðsett á viðkvæmu og tiltölulega óröskuðu svæði þar sem landnotkun einkennist af landslagi með votlendi, túnum og búsetu, auk þess sem þar eru verðmætar náttúruauðlindir. Innan áhrifasvæðis eru jafnframt svæði sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, svæði sem er á tillögu að B- hluta og svæði á náttúruminjaskrá, auk þess sem líta ber til alþjóðlegra verndarskuldbindinga, m.a. vegna vistgerða og fuglalífs.

Svar Vegagerðarinnar

Vegagerðin mun leita samráðs Náttúruverndarstofnunar við frekari undirbúning framkvæmdarinnar áður en sótt verður um framkvæmdaleyfi. Einnig verður skoðað hvar og hvort ástæða er til að fergja veginn þar sem hann liggur um votlendi til að draga úr neikvæðum áhrifum á það.

Reynt verður að draga sem mest úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á vatnshlot. Með því verða möguleg áhrif framkvæmdar á vistgerðir og fuglalíf einnig lágmörkuð.